

Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands í Safnahúsinu Egilsstöðum,  
mánudaginn 14. september 2015 kl. 17.

**Mættar eru Marianna Jóhannsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsd. Hjarðar ásamt Elsu Guðnýju safnstjóra. Kristjana Björnsdóttir boðaði forföll og varamaður hennar einnig. Margrét Dögg ritaði fundargerð**

Í upphafi fundar bauð Marianna formaður stjórnar Elsu Guðnýju, nýjan safnstjóra, velkomna til starfa.

## **Dagskrá fundar**

### **1. Fjárhagsáætlun ársins 2016**

Elsa Guðný og Marianna fara yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Í áætluninni er reiknað með kr. 20.500.000 framlagi frá sveitarfélögunum sem reka safnið. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða með handaupprettingu.

### **2. Skýrsla safnstjóra**

#### **a) Staðan í geymslumálum**

Elsa Guðný er búin að taka við nýju geymslurými á Tjarnarás. Við nánari skoðun húsnæðis fundust einhverjir gallar, óþétt útihurð þar á meðal og það er eitthvað sem verður að laga áður en hægt verður að taka rýmið alveg í notkun. Einnig bendir Elsa á að það þurfi að athuga brunarvarnir húsnæðisins. Elsa Guðný hefur leitað tilboða í brettahillur og bíður svara frá öllum fyrirtækjum. Einnig segist hún þurfa athuga hvernig léttitækni verður notuð.

#### **b) Reynslan eftir sumarið 2015**

Elsa Guðný fer yfir opnunartíma safnsins sumarið 2015. Töluverð fjölgun gesta var á safnið og virtist þetta hafa reynst vel.

Svo segir Elsa Guðný frá því að starfsmenn safnsins eru að fara í Farskóla safnamanna á Höfn í Hornafirði

### **3. Erindi frá Óbyggðasetrinu í Fljótsdal**

Borist hefur erindi frá Óbyggðasetrinu í Fljótsdal um samstarf vegna sýningar um Vigfús Sigurðsson frá Egilsstöðum í Fljótsdal. Samþykkt að verða við erindinu og drög að samstarfssamningi samþykkt.

### **4. Ákvörðun um opnunartíma í vetur**

Frá því að sumaropnunartíma lauk hefur verið auglýst að safnið sé opið eftir samkomulagi. Elsa Guðný er þó á staðnum kl 8 - 16, ásamt því að Edda og Beata eru að vinna fyrripart dags. Rætt um að hafa einhverja daga opið, allavega frá hádegi. Ákveðið að fela safnstjóra að athuga hvort hægt sé að manna opnun með núverandi starfsfólki.

### **5. Önnur mál**

#### **Viðhald Safnahússins**

Elsa Guðný kynnti viðhalds- og endurbótaáætlun sem fylgir samningi um afnot og

leigu hússins. Elsa Guðný ætlar að fylgja áætluninni eftir á fundi menningar- og atvinnunefndar.

Elsa Guðný kynnir fyrir stjórn erindi frá Icelandic Info um heimasíðu og app sem er í smíðum.

Fundi slitið kl. 18:00